



5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2019 - 2020 haldinn föstudaginn 24. apríl 2020 kl.12:00. Fjarfundur á Zoom.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari (KÞ), Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson, Sigrún María Jörundsdóttir, Þorgerður Anna Arnardóttir og Berglind Birgisdóttir. Anna Sigríður Brynjarsdóttir fulltrúi kennara og Natalía Erla Arnórsdóttir fulltrúi nemenda. Fundinn sat einnig Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- **Skólinn á tímum Covid 19**

KÞ – kennt hefur verið samkv. stundatöflu en byrjum kl. 9 í stað kl. 8:10. –mæting hjá nemendum skráð og það hjálpar nemendum að halda rútinu. Mæting hefur verið nokkuð góð, sumum nemendum finnst frekar mikið að gera. Námsráðgjafara hafa hringt mikið í nemendur til að halda þeim við efnið og hvetja þá áfram. Tölvupóstar frá skólameistara til nemenda og forráðamanna eru birtir undir covid-19 borða á heimasíðu FG. Styttum önnina kennsludaga um 3 daga í lok annar og bættum við námsmatsdögum. Einhver próf verða í lok annar ýmist í skólanum eða rafrænt. Útskrift 30. maí en ennþá óvíst hvernig framkvæmdin verður.

Fram kom hjá formanni skólanefndar FG stæði sig vel og ætti hrós skilið.

- **Fjármál FG**

Fjármálin eru í fínu lagi. Mikið hefur verið framkvæmt í skólanum á þessu skólaári þannig að mikil breyting hefur orðið til batnaðar á mörgum svæðum skólans.

- **Innritun haust 2020**

Innritunartölur mjög góðar eins og þær eru í dag. FG nú þegar komið með sömu innritunartölur og voru í júní í fyrra. Um 500 grunnskólanemendur eiga ennþá eftir að sækja um skóla.

- **Starfsmannamál**

Verið að auglýsa stöður innan skólans sem eru til tveggja ára eins og stöðu kennslustjóra, forvarnafulltrúa, félagsmálafulltrúa o.fl. Einnig er verið að auglýsa stöðu í efnafræði og fata-, textíl- og hönnungreinum í afleysingu næsta skólaár vegna námsleyfa.

- **Önnur mál**

Skólanefnd skorar á stjórn skólans að finna lausn til að koma til móts við nemendur í sambandi við brautskráningu í vor. Eins og staðan er núna eru reglurnar hámark 50 manns í sama rými og 2 m á milli manna. Þetta þýðir að útskriftarathöfnin getur ekki verið með sama sniði og hingað til. Allir möguleikar eru í stöðunni ennþá og reglur í samfélaginu geta breyst fram að útskrift.

Hugur nemenda stefnir til að sýna söngleikinn Reimt í haust og mun verða skoðað seinna. FG hefur ekki hug á að bjóða upp á sumarnám en mun vísa nemendum á þá skóla sem það gera.

Fundi slitið kl. 12:45

Lagt er til að næsti fundur skólanefndar verði í lok maí, byrjun júní.

Fundarritari: Snjólaug E. Bjarnadóttir

